

STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR

Kristnitakan

Áhrif tilviljanakennds og skipulegs trúboðs

Kristin áhrif í minjum hérlandis frá víkingaöld hafa oft verið túlkuð sem merki um blendni í trú í stað þess að lít að þau sem leifar langvinns og flókins ferlis kristnitökunnar. Af þessari túlkun má draga þá ályktun að norrænn trúnaður hafi verið álíka einsleitur og kristin trú og að við kristnitökuna hafi einn siður náð að yfirtaka annan. Hugmyndin byggist í raun á sameiginlegu minni sem íslenskir miðaldahöfundar skópu í ritum sínum. Minni þetta bjó í haginn fyrir kristna sjálfsmynd norræns fólks og ýtti um leið undir samkennd og lífseiga vitund þess sem samstæðrar einingar. Forminjar gefa hins vegar til kynna að á upphafsárum kristni hafi í landinu verið byggðar tvær ólíkar gerðir kirkna sem ekki aðeins eiga rætur sínar að rekja til tveggja mismunandi byggingarhefða innan menningarsvæða við Norður-Atlantshaf, heldur benda einnig til áhrifa frá tilviljanakenndu jafnt sem skipulegu trúboði frá þessum svæðum.

Kristnitaka Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða hefur löngum verið vinsælt rannsóknarefnini meðal fræðimanna. Síðasta áratuginn hefur rannsóknum á þessu sviði fylgdað svo um munar, að líkendum vegna áhrifa frá hátíðahöldum í tengslum við 1000 ára afmæli kristni víða í Skandinávíu og á Íslandi. Hér ber helst að nefna norsku verkefnin *Frå heidendom til kristendom, perspektiver på religionsskiftet i Norge* og *Møtet mellom hedendom og kristendom i Norge*, sánsku verkefnin *Projektet Sveriges kristnande och Vägar till Midgård* svo og íslenska verkefnið *Kristni á Íslandi*. Eins hafa á undanförum tæpum áratug komið út nokkrar doktorsritgerðir um viðfangsefnið, til dæmis ritgerð Orra Vésteinssonar *The Christianisation of Iceland. Priests, power and social change 1000–1300*, Alexöndru Sanmark *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia* og Claes Telianders *Västergötlands kristnande. Religionsskifte och gravskickets förändring 700–1200*. Einnig hafa nokkur einstaklingsverkefni verið gefin út, svo sem rit Jóns Hnefils Aðalsteinsonnar *Kristnitakan á Íslandi* og kennslurit Jóns Viðars Sigurðssonar *Kristninga i Norden 750–1200*. Í þessari grein verður fjall-

að um nýjar nálganir sem beitt hefur verið við kristnitökurann-sóknir í Norður-Evrópu, einkum síðasta rúma áratuginn, samhliða því sem greint verður frá niðurstöðum úr doktorsritgerð höfundar, *The Awakening of Christianity in Iceland*.

Mismunandi nálganir

Fræðimenn hafa rannsakað marga þætti kristnitökunnar á Norðurlöndum á liðnum árum og meðal annars beint kastljósinu að norrænni goðafræði jafnt sem kristinni trú,¹ samspilinu á milli heiðni og kristni,² kristnitökunni sjálfri,³ samhengi í helgihaldi (e. *continuity of cult*),⁴ útbreiðslu kristni og hinu flókna trúboðsferli⁵ eða

1 Sjá m.a. Gro Steinsland, „Fra Yggdrasils ask til korsets tre — tanker om troskiftet,” *Fra heidendorf til kristendom*. Ritstj. Magnus Rindal (Oslo 1996), bls. 20–30. — Jón Hnefill Áðalsteinsson, *Kristnitakan á Íslandi* (Reykjavík 1999). — Anders Andrén, Kristina Jennbert og Catharina Raudvere, „Old Norse religion,” *Old Norse religion in long-term perspectives*. Ritstj. Anders Andrén, Kristina Jennbert og Catharina Raudvere. Vägar till Midgård 8 (Lundi 2006), bls. 11–14.

2 Sjá m.a. Magnus Rindal, „Frå heidendorf til kristendom.” *Fra heidendorf til kristendom*. Ritstj. Magnus Rindal (Oslo 1996), bls. 9–19. — Bertil Nilsson, „Från gravfält till kyrkogård. Förfädringar och variation i gravskicket.” *Kristianitet i Sverige. Gamla källor och nya perspektiv*. Ritstj. Bertil Nilsson. Projektet Sveriges kristnande, publikationer 8 (Uppsöldum 1996), bls. 349–386. — Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju,” *Kristni á Íslandi I* (Reykjavík 2000).

3 Sjá m.a. Orri Vésteinsson, *The Christianisation of Iceland. Priests, power and social change 1000–1300* (Oxford 2000).

4 Sjá m.a. Anders Andrén, „Platsernas betydelse. Norrön ritual och kultplatskontinuitet,” *Plats och praxis. Studier av nordisk förkristen ritual*. Ritstj. Catharina Raudvere, Anders Andrén og Kristina Jennbert. Vägar till Midgård 2 (Lundi 2002), bls. 299–333. — Steinunn Kristjánsdóttir, „Timburkirkja og grafreitur úr frumkristni,” *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2000–2001*, bls. 113–142.

5 Sjá m.a. Dagfinn Skre, „Missionary Activities in Early Medieval Norway. Strategy, Organization and the Course of Events,” *Scandinavian Journal of History* 23 (1998), bls. 1–19. — Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju.” — Anne-Sofie Gräslund, *Ideologi och mentalitet. Om religionskiftet i Skandinavia från en arkeologisk horisont*. Occasional Papers in Archaeology 29 (Háskólinn í Uppsöldum 2001). — Alexandra Sanmark, *Power and Conversion. A Comparative Study of Christianization in Scandinavia*. Occasional Papers in Archaeology 34 (Háskólinn í Uppsöldum 2004). — Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland. Discovery of a Timber Church and Graveyard at Þórarinsstaðir in Seyðisfjörður*. Gotarc Serie B no. 31 (Gautaborg 2004). — Claes Teliander, *Västergötlands kristnande. Religionskifte och gravskickets förändring 700–1200*. Gotarc Serie B. No. 41 (Háskólinn í Gautaborg 2004).

jafnvel uppbyggingu kirkjunnar sem stofnunar,⁶ svo eithvað sé nefnt.

Nú er almennt litið svo á að kristnitakan hafi verið margþætt langtímaþróun sem hafi haft víðtæk áhrif, menningarleg jafnt sem félagsleg og pólitisk, á samfélagslegt umhverfi sitt. Hugmyndin um kristnitökuna sem stigskipta langtímaþróun hvílir á gömlum grunni sem rekja má til rannsókna Helge Ljungbergs sem birtust í doktorsritgerð hans árið 1938. Hugmyndum þessum var síðan fylgt eftir af Fredrik Paasche á sjötta áratug síðustu aldar og Fridjov Birkeli um áratug síðar. Birkeli lagði með rannsóknum sínum grunn að hugmyndum um kristnitökuferlið sem þrískipta þróun þar sem hvert stig skaraðist við annað í tíma, öfugt við það sem fram kom í hugmyndum Ljungbergs og Paasches. Þeir skiptu ferlinu eftir tíma í afmörkuð og andstæð stig sem leiddu til þess að trúarbragðaskiptin áttu sér stað.⁷

Nú er mest stuðst við hugmyndir Birkelis þegar kristnitökuferlið á Norðurlöndum er skoðað, þótt þær hafi tekið nokkrum breytingum á síðustu áratugum. Í rannsóknum af þessu tagi er gengið út frá því að kristnitakan hefði verið langt ferli sem skiptist í þrjú stig. Fyrsta stig ferlisins byggist á tilvilanakenndri útbreiðslu kristni (e. *infiltration*), sem stóð frá 600 til 950 og mátti rekja til aukinna samskipta norræns fólks við kristin samfélög í Vestur- og Mið-Evrópu snemma á víkingaöld. Annað stigið felur í sér trúboð (e. *mission*), sem hófst 950 og lauk 1030. Því var aðallega beint að höfðingjastéttum þeirra samfélaga sem í hlut áttu. Þriðja og síðasta stig ferlisins tók við af því fyrra og stóð til 1053. Það fól í sér móturn og uppbyggingu kirkjunnar sem stofnunar (e. *organisation*). Einu stigi til viðbót-

⁶ Sjá m.a. Stefan Brink, „Tidig kyrklig organisation i Norden — aktörerna i socikenbildningen,” *Kristianitet i Sverige. Gamla källor och nya perspektiv*. Ritstj. Bertil Nilsson. Projektet Sveriges kristnande, publikationer 8 (Uppsölm 1996), bls. 269–290. — Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju.” — Orri Vésteinsson, *The Christianisation of Iceland*. — Jón Viðar Sigurðsson, *Kristninga i Norden 750–1200* (Osló 2003).

⁷ Helge Ljungberg, *Den nordiska religionen och kristendomen: studier över det nordiska religionsskiften under vikingatiden* (Stokkhólmi 1938). — Fredrik Paasche, *Møtet mellom hedendom og kristendom i Norden* (Oslo 1958). — Fridjov Birkeli, *Norske steinkors i tidlig middelalder. Et bidrag til belysningen av overgangen fra norrøn religion til kristendom*. Skrifter utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo II. Hist.-Filos. Klasse. Ny serie nr. 10 (Osló 1973).

ar, þ.e. kristnitökunni sjálfri, er oft bætt við ferlið milli annars og þriðja stigsins.⁸

Enda þótt þessar hugmyndir séu sá grunnur sem rannsóknir á kristnitökuferlinu byggjast á enn þann dag í dag og viðfangsefnin séu að mestu þau sömu og áður, hafa þær samhliða nýjum rannsóknaráherslum tekið nýja stefnu, jafnt kennilega sem aðferðafræðilega. Breytingin birtist einkum í því að litið er í æ meiri mæli til þeirrar blöndunar og nýsköpunar sem á sér stað við samspil ólíkra menningarstrauma. Löngum hefur verið litið svo á að sér-einkenni menningarstrauma séu stöðug eða að eitt þeirra nái að útiloka annað, líkt og þegar því er halddið fram að með lögleiðingu tiltekinnar gerðar kristni hafi náðst að afskrifa norrænan átrúnað. Við nýlegar rannsóknir á kristnitökuferli og kristnitöku norræns fólks hefur ekki verið litið svo á að hinir „heiðnu“ hafi sagt skilið við átrúnað sinn án aðlögunar, heldur að flóknari og víðtækari samblöndun hafi orðið meðal allra stétta meðan á ferlinu stóð.⁹

Með þessum nýju nálgunum í rannsóknum á kristnitökunni hefur klisjukenndri orðræðu um eðilslægni og stöðugleika menningsar eða trúræknar nánast verið hafnað. Áhrif þessara kenninga hafa jafnframt kallað á aðrar og nýjar aðferðir við rannsóknir á kristnitökuferli norræns fólks. Þær rannsóknir sem fram hafa farið á þessu svíði að undanförnu hafa einkum verið af tvennum toga. Annars vegar hafa þær miðað að því að skoða ferlið út frá grásrótinni og hvernig kristin trú breiddist með tilviljanakenndum og óskipulegum hætti út meðal almennings, bæði fyrir og eftir hina eiginlegu kristnitöku.¹⁰ Hins vegar hafa rannsóknirnar miðað að því greina kristnitökuferlið út frá skipulegum ákvörðunum, meðal annars um lögleiðingu kristinnar trúar, kristnitökuna, og síðan hvernig kristin trú var meðtekin meðal almennings vegna hennar.¹¹

8 Sjá t.d. Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, bls. 9.

9 Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, bls. 8 o.áfr. — Anders Andrén, „A world of stone. Warrior culture, hybridity and Old Norse Cosmology,” *Old Norse religion in long-term perspectives*. Vägar till Midgård 8, bls. 33–37.

10 Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“. — Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*. — Claes Teliander, *Västergötlands kristnande*.

11 Orri Vésteinsson, *The Christianisation of Iceland*. — Jón Viðar Sigurðsson, *Kristninga i Norden 750–1200*, bls. 41, 111. — Alexandra Sanmark, *Power and Conversion*.

Þessar mismunandi rannsóknaraðferðir hafa verið nefndar á ensku „bottom up“ og „top down“.¹² Heitin vísa annars vegar til þess að félags- eða menningarleg þróunarferli eru skoðuð út frá grásrótinni og þá hvernig þau hafa áhrif á samfélagið (e. *bottom up*) og hins vegar til þess þegar slík ferli eru skoðuð í gegnum hagrænar eða pólitískar ákvarðanir (e. *top down*) og þá hvernig þær hafa áhrif á aðrar stéttir viðkomandi samfélags.

Inn í rannsóknirnar, einkum og sér í lagi þar sem stuðst er við *bottom up*-sjónarhornið, fléttast jafnframt aðferðir míkrófornleifafræðinnar (e. *microarchaeology*).¹³ Andstætt því sem einstöku fræðimenn hafa talið, felast forsendur míkrófræðilegra rannsókna ekki í hinu smáa eða litla¹⁴ þótt þær geti vissulega miðað að greiningu hins einstaka, til dæmis þegar um einstaklingsbundið atferli er að ræða.¹⁵ Þær miða hins vegar að greiningu mannlegra athafna sem einkennast af síendurteknu atferli (e. *serial practices*), til dæmis hinu hversdagslega, jafnt sem hinu óhefðbundna og frávíkjanlega.¹⁶ Sem dæmi um síendurtekið atferli má nefna matargerð, járnsmíði og mjaltir til forna, jafnt sem líkamsrækt eða það að taka strætisvagn reglulega í samtímanum, svo eiththað sé nefnt, eða það að iðka sína trú með síendurteknum hætti. Míkrófornleifafræðilegar rannsóknir á kristnitökufelrinu grundvallast þess vegna á sjálfri trúariðkunni sem síendurteknu atferli manneskjunnar.

Bakgrunnurinn

Þrátt fyrir nýjar nálganir er við rannsóknir hérlendis enn oft horft á kristnitökuna sjálfa sem upphaf kristnitökufeljisins,¹⁷ líkt og ritað-

12 Colin Renfrew og Paul Bahn, *Archaeology: Theories, Methods and Practice*. Fjórða útgáfa (London 2004), bls. 220.

13 Þjál þýðing á þessu hugtaki hefur ekki fundist en orð eins og *nærforneifafræði* hafa verið nefnd.

14 Loftur Guttormsson, „Smátt og stórt í sagnfræði. Athugasemdir í tilefni af einsöguskrifum Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings,” *Skírnir* 175 (vor 2001), bls. 452–471. — Hjalti Hugason, [Ritdómur um doktorsritgerð Steinunnar Kristjánsdóttur, *The Awakening of Christianity*], *Saga* XLIV:2 (2006), bls. 219–222.

15 Sigurður Gylfi Magnússon, „The Singularization of History,” *Journal of Social History* 36: 3 (2003), bls. 709–710.

16 Fredrik Falander, *The Materiality of Serial Practice. A Microarchaeology of Burial* (Gautaborg 2003), bls. 13 o.áfr.

17 Sjá t.d. Orri Vésteinsson, *The Christianisation of Iceland*, bls. 17. — Benedikt Ey-

ar heimildir yáa að, í stað þess að horfa á það sem flókna og langvarandi þróun sem átti sitt upphaf löngu áður en Ísland byggðist meðal þeirra þjóðfélagshópa sem síðar byggðu það. Rannsóknir á kristnum áhrifum í Evrópu á tímum trúarbragðaskiptanna sýna hins vegar skýrt og greinilega að norrænar þjóðir höfðu komist í kynni við kristna trú þegar á 7. öld.

Kristin trú var lögleidd í Rómaveldi á 4. öld, eftir að hafa þrifist þar um nokkurn tíma. Vesturhluti Rómaveldis fíll siðan sem þekkt er um það bil einni öld síðar, þó að eystri hluti þess (Austrómverska ríkið) hafi haldið velli lengi eftir það. Fall vestrómverska ríkisins er venjulega talið marka upphaf þjóðflutningatímans í Evrópu þegar germanskir þjóðflokkar, þ.e. Englar, Saxar og Gotar, streymdu til Vestur-, Austur- og Mið-Evrópu. Sigrar þeirra voru vissulega frekar landfræðilegir en félags- og trúarlegs eðlis, því í fyrstu héldu þeir óbreyttu innra skipulagi þeirra samfélaga sem þeir lögðu undir sig. Engu að síður er ljóst að aðeins einni kynslóð eftir innreið sína höfðu þeir tekið rómversk-kaþólska trú, sem var jafn sundurleit og hún er víða nú til dags.¹⁸ Á Bretlandseyjum stóð til dæmis baráttan á 8. öld milli keltneskrar og engilsaxneskrar kristni, sem síðar þróuðust í írsk-skoska kristni og loks engilsaxnesk-skandinaviska kristni vegna áhrifa og blöndunar sem upprunnin er meðal annars frá norrænu fólkii.¹⁹ Vert er jafnframt að vekja athygli á því að ljóst þykir af fornleifarannsóknum að önnur kynslóð norrænna landnema á Bretlandseyjum hafði tekið kristni af báðum greinum, rétt eins og Germanir gerðu á sínum tíma, þó að dregið hafi mikið úr sérkennum þeirra þegar leið á 10. öld.²⁰

þórsson, „History of the Icelandic Church 1000–1300. Status of Research,” *Church Centres in Iceland from the 11th to the 13th Century and their Parallels in other Countries*. Ritstj. Helgi Þorláksson (Reykholti 2005), bls. 19–26.

18 Lotte Hedeager, *Skuggor ur annan verklighet: Fornnordiska myter* (Stokkhólmi 1997). — Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju”, bls. 18 o.áfr.

19 James Russell, *The Germanization of Early Medieval Christianity. A sociohistorical approach to religious transformation* (New York og Oxford 1994). — Karen L. Jolly, *Popular Religion in Late Saxon England. Elf Charms in Context* (Chapel Hill 1996).

20 Per Hernæs, „Kristen innflytelse i Rogalands vikingtid,” *Møtet mellom heden-dom og kristendom i Norge*. Ritstj. Hans-Emil Lidén (Oslo 1996), bls. 141. — Björn Ambrosiani, „Ireland and Scandinavia in the Early Viking Age: an Archaeological Response,” *Ireland and Scandinavia in the Early Viking Age* (Dublin 1998), bls. 406. — Björn Myhre, „The Archaeology of the Early Viking Age in Norway,” *Ireland and Scandinavia in the Early Viking Age* (Dublin 1998), bls. 7 o.áfr. — Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju”, bls. 20 o.áfr.

Nú er almennt gengið út frá því að kristnitökuferlið í Norður-Evrópu hafi einkennst af tilviljanakenndri útbreiðslu kristni þegar á 7. öld, eða jafnvel fyrr, vegna þeirra fólksflutninga sem áttu sér stað á meginlandi Evrópu. Niðurstöður fornleifarannsóknar í Svíþjóð og Noregi benda til þess að skipulegt trúboð, þ.e. annað stig kristnitökuferlisins, hafi hafist þar um það bil öld síðar. Hin pólitíkska ákvörðun um að lögleiða kristna trú var síðan tekin við lok 10. aldar í Danmörku, Noregi og á Íslandi en í Svíþjóð nokkru seinna. Síðasta stig ferlisins, þ.e. mótnun og skipulag, hefst loks upp frá því og lýkur um 1200, þó svo að þróun og aðlögun kristni hafi vissulega haldið áfram.²¹

Samkvæmt þeim fornminjum sem rannsakaðar hafa verið í nágrannalöndum Íslands er greinilegt að áhrif tilviljanakenndrar útbreiðslu kristni og skipulegs trúboðs eru mismunandi að uppruna. Í Svíþjóð og Danmörku komu kristnu áhrifin frá meginlandi Evrópu, Frakklandi og Englandi, auk þess sem greinilegra áhrifa gætir einnig frá Eystrasaltslöndunum í austri, einkum í austurhluta Svíþjóðar. Danir höfðu jú yfirráð yfir hluta Englands og suðurhluta Svíþjóðar um þetta leyti og Svíar hluta af löndunum við Eystrasalt.²² Í Noregi og Íslandi eru áhrifin talin hafa komið fyrst og fremst frá Bretlandseyjum og Írlandi, en í samfélögum þessara landsvæða var samhliða ráðandi engilsaxnesk-skandinavísk kristni og írsk-skosk.²³

Áhrifa frá útbreiðslu kristni hlýtur að gæta í fornminjum hér-lendis líkt og í nágrannalöndunum. Ef gengið er út frá því að Ísland hafi byggst af norrænu fólkni má fastlega búast við að það fólk hafi haft viðkomu víða í Evrópu og kynnst menningu hvers lands fyrir

21 Jón Viðar Sigurðsson, *Kristninga i Norden 750–1200*, bls. 110 o.áfr.

22 Jörn Staeker, „Legends and Mysteries. Reflections on the Evidence for the Early Mission in Scandinavia,” *Visions of the Past. Lunds Studies in Medieval Archaeology* 19 (Lundi 1997), bls. 419 o.áfr. — Lausten Martin Schwartz, *A Church History of Denmark*. Translated by Frederick H. Cryer (Hampshire 2002), bls. 4 o.áfr. — Anne-Sofie Gräslund, *Ideologi och mentalitet*, bls. 20 o.áfr.

23 Claus Krag, „Kirkens forkynnesle i tidlig middelalder og nordmennenes kristendom,” *Møtet mellom hedendom og kristendom i Norge* (Oslo 1995), bls. 30. — Per Hernæs, „Kristen innflytelse i Rogalands vikingtid”, bls. 141. — Dagfinn Skre, „Missionary Activities in Early Medieval Norway. Strategy, Organization and the Course of Events”, bls. 3, 9. — Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju”, bls. 26–29, 66–73. — Jón Viðar Sigurðsson, *Kristninga i Norden 750–1200*, bls. 20 o.áfr.

sig áður en sest var að hér á landi. Norrænt fólk skildi jú á ferðum sínum eftir sig ummerki á stórum landsvæðum, allt frá Vínlandi í vestri og Rússlandi í austri, frá lokum 8. aldar fram yfir miðja 11. öld. Hernað og rán virðist það aðeins hafa stundað á fyrstu áratugum ferða sinna en síðar landnám og verslun. Á Íslandi má til dæmis greina skýrari tengingu kumla við nyrstu svæði Bretlandseyja en við Skandinavíu, þó svo að haugfé í þeim sé í mörgum tilfellum skandinavískt að uppruna, eins og meirihluti Íslendinga sjálfrar samkvæmt erfðafræðilegum rannsóknunum.²⁴ Hins vegar má ekki gleyma því að erfðafræðilegar rannsóknir sýna einungis fram á líffræðilegan uppruna en ekki menningarlegan.

Stórir grafhaugar, bátkuml og bálfarir voru algeng í Noregi og Svíþjóð á víkingaöld, nokkuð sem er nánast óþekkt á Íslandi og í byggðum norræns fólks á Bretlandseyjum. Haugfé er einnig langtum ríkulegra í skandinavískum kumlum en skoskum og íslenskum. Í raun eru minjar um heiðinn norrænan átrúnað mjög fáar hér-lendis, sé tekið mið af því að einungis riflega 300 kuml hafa fundist þótt talið sé að á milli 30 og 40 þúsund manns hafi sest að hér áður en kristni var lögtekin.²⁵ Þó að kerfisbundin leit að kumlum hafi enn ekki farið fram á Íslandi er heldur ólíklegt að ófundin kuml skipti tugum þúsunda. Greina má jafnframt skýran menningar-bundinn mun sem fram kemur á elstu gerðum kirkna í landinu, eins og síðar verður vikið að.

Ofantalin atriði benda til þess að það fólk sem settist að á Íslandi á landnámsöld hafi þegar orðið fyrir umtalsverðum áhrifum af kristinni menningu og tileinkað sér einhverja þætti hennar vegna kynna sinna við menningarstrauma landanna við Norður-Atlants-haf, líkt og norrænir landnemar gerðu á Bretlandseyjum. Auk þess bendir grafarumbúnaður og haugfé í kumlum almennt til þess að norrænt fólk hafi síður en svo verið einsleitur hópur, heldur hafi það tilheyrt mörgum landshluta- og/eða erfðatengdum hópum sem hver og einn iðkaði sína trú með sínum hætti.

24 Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*. Fyrst gefin út 1956. Við-auki skrifður af Adolf Friðrikssyni (Reykjavík 2000), bls. 289–290. — Agnar Helgason, Sigrún Sigurðardóttir, Jeffrey R. Gulcher, Ryk Ward og Kári Stefánsson, „mtDNA and the origin of the Icelanders: Deciphering signals of recent population history,” *American Journal of Human Genetics* 66 (2000), bls. 999–1016

25 Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*.

Sameiginlegt minni

Gagnrýnt hefur verið að þær rituðu heimildir sem stuðst hefur verið við í rannsóknum á kristnitökunni séu ekki samtímaheimildir.²⁶ Höfundar íslenskra miðaldarita, svo sem Íslendingabókar og yngri rita, gefa allflestir til kynna að kristnitökuferlið og kristnitakan hafi gengið átakalítið fyrir sig. Af þeim má enn fremur ráða að útbreiðsla kristni hafi verið á vegum höfðingja og að upphaf hennar megi rekja til lögtöku kristni á Alþingi árið 1000. Sú einfalda mynd sem þar er dregin upp er að líkindum byggð á síðari tíma túlkun á atburðinum. Auk þess gera má ráð fyrir að hún hafi litast af pólitískum viðhorfum kristinna manna í áhrifastöðum íslensks miðaldasamfélags, þegar norskt konungsvald stefndi að yfirráðum á Íslandi.

Með tilkomu rannsókna á minninu hefur athyglan beinst í auknunum mæli að því hversu sterkt þessar heimildir hafi litað og mótað síðari tíma hugmyndir um samfélög norræns fólks til forna.²⁷ Talið er að höfundar þeirra hafi átt sinn þátt í að skapa sögulegt jafnt sem félagslegt og sameiginlegt minni um landnámið, kristnitökuna og norrænan átrúnað, svonefnnda heiðni. Ekki er lengur gengið út frá því að „heiðnin“ hafi verið til sem einn sameiginlegur átrúnaður norrænnra manna, heldur byggist hugmyndin á sameiginlegu minni sem íslenskir miðaldafræðimenn og -höfundar skópu í ritum

26 Anders Hultgård, „Fornskandinavisk kult — finns det skriftliga källor?“ Religion från stenåldern till medeltid. Arkeologiska Skrifter 19 (Linköping 1996), bls. 26 o.áfr. — Lars Lönnroth, „En fjärran spegel. Västnordiska berättande källor om svensk hedendom och om kristningsprocessen på svenska område,” *Kristnandet i Sverige. Gamla källor och nya perspektiv*. Projektet Sveriges Kristnande. Publikationer 5 (Uppsööm 1996), bls. 141 o.áfr. — Margaret Clunies Ross, „Närvaron och frånvaron av ritual i norröna medeltida texter,” *Plats och praxis. Studier av nordisk förkristen ritual*. Vägar till Midgård 2 (Lundi 2002), bls. 26.

27 James Russell, *The Germanization of Early Medieval Christianity*. — Jörn Staeker, „Legends and Mysteries. Reflections on the Evidence for the Early Mission in Scandinavia“, bls. 420, 440 o.áfr. — Aidan MacDonald, „The papar and some Problems; a brief Review,” *The Papar in the North Atlantic*, bls. 21 o.áfr. — Margaret Clunies Ross, „Närvaron och frånvaron av ritual i norröna medeltida texter“, bls. 26. — Steinunn Kristjánsdóttir, „Sameiginlegt og félagslegt minni í fortíð og nútíð,“ *Ritið* 2 (2004), bls. 51–64. — Ann-Mari Hållans Stenholm, „Past memories. Spatial returning as ritualized remembrance,” *Old Norse religion in long-term perspectives*. Vägar till Midgård 8, bls. 341–345.

sínum, minni sem síðar hefur fest í sessi. Fræðimenn eru einnig margir sammála um að íslensku miðaldaheimildirnar hafi verið skráðar í ákveðnum tilgangi og því beri að líta á þær sem einfald-aða sýn kristinna manna í áhrifastöðum á þessar umfangsmiklu breytingar í norrænum samfélögum sem kristnitakan var.²⁸ Liklegt má jafnvel telja að höfundar ritheimilda miðalda hafi álítið að norrænn átrúnaður hafi verið álíka einsleitur og kristnin var í þeirra augum. Þeir hafa þannig getað skapað sameiginlega sjálfsmynd (e. *identity*) norræns fólks án þess að baki henni lægju endilega líffræðilegar eða menningarlegar forsendur, heldur sameiginlegt minni sem ýtti undir samkennd ákveðins hóps fólks og jafnvel vitund þess sem samstæðrar einingar.

Ljóst er engu að síður að höfðingjar höfðu mikið að segja um þá ákvörðun að lögtaka kristni á Íslandi og það að almenn samstaða ríkti um hana. Því virðist einnig sem hið skipulega trúboð (e. *mission*) sé í ritheimildum miðalda hafið yfir hina tilviljanakenndu útbreiðslu kristni (e. *infiltration*), hugsanlega til þess að undirstrika skipulagningu og uppbyggingu kirkjunnar sem stofnunar (e. *organisation*) eftir kristnitöku. Ljóst er einnig af sömu ástæðu að í ritheimildum miðalda er lögð meiri áhersla á þátt engilsaxnesk-skandinavískrar kristni í kristnitökunni en hina írsk-skosku, þrátt fyrir að munur á þessum tveimur greinum kristni hafi minnkað hratt á þessum tíma. Upplýsingar um írsk-skoska kristni virðast hafa verið látnar liggja milli hluta þegar að því kom að skrá kristnitökuna á spjöld sögunnar, hvort sem það var gert á miðöldum eða síðar. Umfjöllun um vestrænt landnámsfólk er yfirleitt mjög helgisagnakennd og ótrúverðug, enda oft liði á það sem útlendinga í nýnumdu landi norræns fólks við sagnfræðilegar rannsóknir á elstu byggð á Íslandi.²⁹

Með því að styðjast við vitnisburð fornleifa gefst kostur á að skoða uppruna og útbreiðslu kristni fyrir kristnitöku, sem og áhrif hennar á kristnitokuferlið, með víðtækari hætti en gert hefur verið. Í rannsókn þeirri sem hér er greint frá var gengið var út frá því að

28 Björn Myhre, „The Archaeology of the Early Viking Age in Norway“, bls. 4 o.áfr. — Dagfinn Skre, „Missionary Activities in Early Medieval Norway. Strategy, Organization and the Course of Events“, bls. 2. — Margaret Clunies Ross, „The measure of Old Norse religion in long term perspective.“ *Old Norse religion in long-term perspectives*. Vägar till Midgård 8, bls. 412–416.

29 Helgi Þorláksson, „Voru suðureyskir ættmenn Bjarnar bunu í landnámi Ingólfss?“ *Reykjavík 871+/-*. Ritstj. Bryndís Sverrisdóttir (Reykjavík, án árs).

kristnitökuferlið hafi verið langt og flókið, auk þess að skiptast í ákveðin stig sem sköruðust í tíma eins og Birkeli bentí á. Jafnframt var litið svo á að kristnitökuferlið hafi hafist hér á landi þegar við landnám, því hafa ber í huga að íbúar Bretlandseyja höfðu meðtekið kristni í Wales við upphaf 5. aldar, á Írlandi hálfrí old síðar og í Skotlandi snemma á 7. old. Kristinna áhrifa fer síðan að gæta í löndum norræns fólks í Skandinavíu skömmu síðar. Kristnitökuferlið var þess vegna hafið meðal þeirra hópa er byggðu Ísland löngu fyrir landnám.


Einkakirkjur og trúboðskirkjur

Í rannsókninni sem þessi grein er byggð á var fyrst og fremst stuðst við vitnisburð fornleifa, sér í lagi frá tveimur uppgróftum höfundar, þ.e. á Geirsstöðum í Hróarstungu og Þórarinsstöðum í Seyðisfirði á árunum 1997–1999, auk annarra eldri fornleifarannsókna á Íslandi. Niðurstöður voru einnig settar í sögulegt samhengi þar sem trúarbragðafræði og kirkjusaga léku stórt hlutverk. Á bæði Geirsstöðum og Þórarinsstöðum voru grafnar upp rústir kirkjuþyggings sem reistar voru við upphaf 11. aldar en þær endurspeglar skýrt hvor um sig þær tvær ólíku gerðir kirkna sem til voru í landinu í öndverðri kristni.

Kirkjan á Geirsstöðum var grafin upp árið 1997. Hún var byggð rétt fyrir lok 10. aldar og aflögð um old síðar, samkvæmt greiningu gjóskulaga og niðurstöðum úr kolefnisaldursgreiningum á viðarkolum og mannabeinum (mynd 1). Kirkja þessi var gerð úr torfi en vesturgafl hennar var úr timbri. Hún líkist einkum kirkjunum á Stöng í Þjórsárdal, í Brattahlíð á Grænlandi og Leirvík í Færeysjum, sem eru taldar vera frá 11. old,³⁰ svo og þeim torfkirkjum sem uppistandandi eru á Íslandi nú. Kirkjur af sambærilegri gerð, en frá ýmsum tímabilum, hafa jafnframt fundist víða á Íslandi frá yngri tímum.³¹ Kirkjubyggingsnir sneri í austur-vestur, skiptist í lítinn kór og miðskip með bekk langsum eftir nyrðri langvegg. Engir gripir

30 Knud J. Krogh, *Erik den Rødes Grenland* (Herning 1982). — Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, „Gård og kirke på Stöng i Þjórsárdalur,” *Nordsjøen — Handel, religion og politikk*. Karmøyseminaret 94/95 (Karmøy 1996), bls. 119–139. — Steffan Stummann Hansen og John Sheehan, „The Leirvík „Børnhustoftin“ and the Early Christianity of the Faroe Islands, and Beyond,” *Archaeologia Islandica* 5 (2006), bls. 30–31.

31 Steinunn Kristjánsdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 128–132.



Mynd 1. Grunnform rústar kirkjubyggingarinnar sem grafin var upp á eyðibýlinu Geirsstöðum í landi Litla-Bakka í Hróarstungu sumarið 1997. Áttahorf kirkjubyggingarinnar var austur-vestur en hún skiptist í miðskip og kór í minna formi. Þakið var boríð uppi af sex timburstoðum sem stóðu á flötum steinum langs eftir miðri byggingunni. Framhlið kirkjunnar var einnig úr timbri en að öðru leyti var hún byggð úr torfi, eins og almennt tildekkist við byggingu húsa á fyrstu oldum Íslandsbyggðar. Mannabeinin fundust í gryfunni sunnan megin við rústina. — Teikning: Steinunn Kristjánsdóttir 1998.


fundust í henni en það var af lögun gólfssins sem hægt var að staðfesta að um kirkju væri að ræða, auk byggingarlagsins. Byggingin hafði ekki verið notuð sem geymsla, hlaða, skepnu- eða íveruhús, því engin merki um slíkt fundust í henni. Hins vegar var ljóst á sveppagróðri sem náði sér á strik öðru hvoru innan hennar að hún var aðeins notuð stuttan tíma í einu. Aðeins ein gróf fannst við syðri vegg hennar og í henni kjúkur úr manni, svo greinilegt er að bein hafa verið flutt til næstu kirkju þegar hún var lögð af, eins og lög Grágásar kveða á um, hafi greftrun verið að kirkjunni.³²

32 Steinunn Kristjánsdóttir, *Geirsstaðir í Hróarstungu — stórbýli á landnáms- og*

Á Þórarinsstöðum var öllu veglegri kirkja rannsökuð á árunum 1998–1999 en þar fannst timburkirkja með niðurgröfnum hornstoðum, svonefnd stólpakirkja (mynd 2). Umhverfis kirkjuna var grafreitur með 58 gröfum. Við uppgröftinn fundust margir gripir, til dæmis þrír steinkrossar, silfurhringur með víkingaaldarlagi, altarisspeil úr porfýr, brot úr danskri silfurmynt, tvö met og ein perla. Ljóst var af kolefnisaldursgreiningum á mannabeinum og viðarkolum, greiningu gjóskulaga og aldri þeirra gripa sem fundust í og við kirkjubygginguna að byrjað var að jarðsetja á Þórarinsstöðum um og fyrir lögtöku kristni á Íslandi og kirkja síðan byggð í grafreitnum kringum aldamótin 1000. Kirkjan var síðan endurbyggð eftir bruna um miðja 11. öld í staekkaðri mynd en þó með sama formi og sú sem brann. Hætt er að jarðsetja á staðnum fyrir árið 1200 og kirkjan þá sömuleiðis aflögð.³³ Kirkjan á Þórarinsstöðum var síðustu af þessari tegund sem grafin var fram á Íslandi en hún á sér margar fyrirmyn dir á Norðurlöndum, til dæmis á Mæri í Noregi, Hörning og Lisbjorg í Danmörku, Frösö og Eskilstuna í Svíþjóð.³⁴ Á síðustu árum hafa leifar sams konar stólpakirkna fundist hérlandis á að minnsta kosti tveimur stöðum til viðbótar, þ.e. á Hrísbrú í Mosfellsdal³⁵ og í Keldudal í Skagafirði.

söguöld. Skýrslur Minjasafns Austurlands IV (Egilsstöðum 1998). Steinunn Kristjánssdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 137–142.

- 33 Steinunn Kristjánssdóttir, *Kirkja og kirkjugarður á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknar árið 1998*. Skýrslur Minjasafns Austurlands VII (Egilsstöðum 1999). — Steinunn Kristjánssdóttir, *Timburkirkja og grafreitur úr frumkristni. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknar árið 1999*. Skýrslur Minjasafns Austurlands XI (Egilsstöðum 2000). — Steinunn Kristjánssdóttir, *The Awakening of Christianity in Iceland*, bls. 45–95.
- 34 Jens Jeppesen og Holger Holger Schmidt, „Rekonstruktion af stavkirken fra Hörning,” *Kuml 1993–94. Årbog for Jysk Arkæologisk Selskab* (1994), bls. 263–276. — Hans-Emil Lidén, „From Pagan Sanctuary to Christian Church. The Excavation of Mære Church in Trøndelag”, bls. 3–32. — Barbro Bergner, „Hedniska kultplatser och kristna kyrkor i Storsjöbygden.” *META* 87-4 (1987), bls. 12–33. — Håkon Christie, „Stabkirchen und Archäologie,” *Frühe Holzkirchen im nördlichen Europa* (Hamburg-Altona 1988), bls. 295–306. — Jørgen H. Jensenius, *Trekirkene før stavkirkene. En undersøkelse av planlegging og design av kirker før ca. år 1100. Context. Avhandling 6* (Oslo 2001).
- 35 Jesse Byock, Philip Walker, Jón Erlanson, Per Holck, David Zori, Magnús Guðmundsson & Mark Tveskov, „A Viking-Age Valley in Iceland: The Mosfell Archaeological Project,” *Medieval Archaeology* XLIX (2005), bls. 195–218.



Mynd 2. Grunnform stólpakirkju sem grafin var upp á Pórarinsstöðum í Seyðisfirði sumrin 1998–1999. Greina má tvö byggingarstig kirkjunnar á teikningunni, auk 58 grafa í kringum hana, en kirkjan var endurreist í stækkaðri mynd en með sama lagi eftir bruna um miðja 11. öld. Bæði byggingarstig höfðu fjórar allt að metra djúpar stoðarholur á hornum miðskips og tvær minni á hornum kórs. Stoðirnar voru úr rekaviði en á milli þeirra stóð stafverk, einnig úr rekaviði, á syllum úr grjóti. Stoðirnar og stafverkið báru þakið uppi en annað efni var ekki notað við gerð byggingarinnar. — Teikning: Steinunn Kristjánsdóttir og Steingrímur Eyfjörð 2000.

Kirkjurnar á Þórarinsstöðum og Geirsstöðum eru sem fyrr segir mjög ólíkar, að líkindum vegna mismunandi menningarlegs og félagslegs uppruna. Sú sem fannst á Geirsstöðum tilheyrir elstu kynslóð lítilla torf- og/eða steinkirkna. Nefna má þessar kirkjur einkakirkjur (sæ. *privatkyrkor*), því reikna má með að þeir frjálsu bændur sem hér settust að á víkingaold, og þekktu þá þegar til kristninnar, hafi getað reist sér sína eigin kirkju, einkakirkju, á jörð sinni. Samþærilegar kirkjur frá tímum frumkristni norrænna hópa hafa ekki bara fundist hér á landi heldur einnig á Írlandi, Grænlandi, í Skotlandi, Færeýjum og Noregi norðvestanverðum, enda hafa þær þótt benda til augljósra tengsla milli þessara landa við Norður-Atlantshafið á tímum útbreiðslu kristni.³⁶

Kirkjan sem fannst á Þórarinsstöðum er nákvæmlega eins og elstu kirkjur sem grafnar hafa verið upp í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Englandi og á meginlandi Evrópu. Þær voru yfirleitt búnar veglegum kirkjugripum og byggðar úr timbri eingöngu, með niðurgrafrna hornstafi í miðskipi og kór. Engin þessara kirkna er til varðveitt í dag, heldur byggjast upplýsingar um þær einvörðungu á fornleifarannsóknum. Nefna má slíkar kirkjur trúboðskirkjur (sæ. *missionskyrkor*), enda eru þær taldar einkennandi fyrir tímaskeið skipulegs trúboðs í Norður-Evrópu. Þær viku að því er virðist fyrir stafkirkjubyggingunni í Noregi og steinkirkjum í norðurevrópskum löndum á 12. öld.³⁷ Á Íslandi hélt afbrigði torfkirkjuformsins velli en timburkirkjurnar virðast hafa horfið af sjónarsviðinu þegar fyrstu stig kristnitökuferlisins töku enda.

Fram hefur komið að í rituðum miðaldaheimildum er lögð áhersla á hið opinbera trúboð sem beint var fyrst og fremst að höfðingjum í viðkomandi landi og það gert að aðalatriði í kristnitökufærlinu, frekar en að beina athyglinni að hinni tilviljakanndu útbreiðslu kristni meðal almennings. Þess konar ferli sem staðið hefur yfir í langan tíma hlýtur að skilja eftir sig ummerki í fornleifunum.

36 Stefan Brink, „New perspectives on the Christianization of Scandinavia and the organization of the early Church,” *Scandinavia and Europe 800–1350: Contact, Conflict, and Coexistence*. Ritsj. J. Adams og K. Holman (Turnhout 2004), bls. 173–174. — Steffan Stummann Hansen og John Sheehan, „The Leirvík „Bønhustoftin“ and the Early Christianity of the Faroe Islands, and Beyond“, bls. 27–54.

37 Håkon Christie, „Stabkirchen und Archäologie“, bls. 203 o.áfr. — Jørgen H. Jensenius, *Trekirkene før stavkirkene*, bls. 2.

Þó svo að nauðsynlegt sé að rannsaka fleiri kirkjur frá miðöldum til þess að betri mynd fáist af kristnitökuferlinu, er ljóst af fyrirliggjandi niðurstöðum fornleifarannsókna að tvenns konar kirkju-byggingar voru í notkun samtímis hér lendis meðan á því stóð. Niðurstaðan er því sú að vegna menningarbundinna einkenna hvorar tegundar fyrir sig megi rekja uppruna torfkirknanna til kristni sem virðist hafa átt rætur í írsk-skoskri menningu en uppruna timburkirkjanna til engilsaxnesk-skandinavískrar kristni.

Fleira kann að skýra af hverju tvær gerðir kirkna hafa verið í notkun samtímis hér lendis meðan á kristnitökuferlinu stóð, en freistandi er að tengja kirkjugerðirnar tvær annars vegar við tilviljanakennda útbreiðslu kristni (e. *infiltration*) og hins vegar við skipulegt trúboð (e. *mission*) sem virðist einkum sprottið frá og hafa beinst að höfðingjum í landinu. Torfkirkjurnar mátti reisa með lítilly fyrirhöfn, yfirleitt úr nærtækum efnivið úr nánasta umhverfi, en timburkirkjurnar voru hins vegar mun flóknari smíð sem gjarnan krafðist aðflutts byggingarefnis og innanstokksmuna.

Tími tilviljanakenndrar útbreiðslu kristni og skipulegs trúboðs hefur án efa skarast. Enn fremur má reikna með að þessi tilviljanakennda útbreiðsla hafi hafist þegar við landnám en náð hámarki um og eftir kristnitökuna árið 1000. Hið skipulega trúboð hefur að líkindum hafist mun seinna og halddi áfram eftir að kristnitakan (e. *conversion*) hafði átt sér stað, um leið og skipulagning (e. *organisation*) kirkjunnar sem stofnunar hófst um aldamótin 1200.

Lokaorð

Kristnitaka Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða er fjarri því að vera einfalt rannsóknarefni. Vegna þeirrar breytilegu félagslegu og menningarlegu samblöndunar sem stöðugt hefur átt sér stað meðal norræns fólks og þeirra þjóðfélagshópa sem það átti samskipti við, geta minjar um þá norrænu vart talist einsleitar né auðveldar viðfangs. Áberandi er þess vegna orðið í fræðilegri umræðu að lit ið sé á þá sem tvístraða dreifieiningu (e. *diaspora*) á víkingaöld fremur en þjóðfélagshóp sem bundinn er við ákveðið landsvæði. Hvorki menning né trú eru staðbundnar, óbreytanlegar einingar, heldur eru þær í stöðugri endursköpun vegna framandi áhrifa. Þegar þjóðfélagshópar með mismunandi menningu og trú mætast taka þeir meðvitað og ómeðvitað til sín atriði hvor frá öðrum og laga að sínum. Umbreytingarnar geta allt eins leitt til blandaðra siða ekki síðum.

ur en nýrra. Um það eru mörg dæmi. Nærtækast er að nefna umræðuna um blendni í trú. Eins má hér nefna rúnaletrið, en það varð til í Skandinavíu úr hinu latneska stafrófi á 2. öld eftir Krist, hinum ymsu gerðir Þórshamra sem minna á miðaldagerðir kristinna krossa eða kristin áhrif í kumlum, en dæmi um slíkt eru víða vel þekkt.

Sjónarhorn fræðimannsins á rannsóknaraðferðina skiptir oft meira máli en viðfangsefnið. Aðferðin snýst um það hvort skilgreina eigi kristnitökuna sem pólitíská ákvörðun tekna af þeim sem valdið höfðu í samfélagit (e. *top down*) og rannsaka hana sem slíka eða hvort skoða beri hvern þátt ferilsins í heild þar sem hin einstaklingsbundna kristnitaka gegndi veigamiklu hlutverki í því að kristin trú breiddist út meðal almennings (e. *bottom up*) og var lögtekinn á Íslandi, eins og hér hefur verið gert. Segja má að það sjónarhorn sem lesa má af rituðum heimildum og það sem fornleifafræðin geymir eigi bæði við rök að styðjast, hvort á sinn hátt. Ef kristnitökufelið er skoðað út frá sjónarhorni ritaðra heimilda með skipulagningu og mótnun í huga er greinilegt að kristnitakan var pólitísk ákvörðun ráðamanna. Kristin trú varð með því að mikilvægu tæki til handa þeim sem völdin höfðu, enda kemur það skýrt fram í uppbýggingu kirkjunnar sem stofnunar síðar meir. Ef kristnitökufelið er hins vegar skoðað út frá sjónarhorni fornleifafræðinnar, sem geymir leifar grásrótarinnar jafnt sem yfirstéttarinnar, má sjá merki þess að jarðvegurinn fyrir kristnitökuna hafi verið plægður og hugsanlegt að hin pólitíská ákvörðun hafi verið tekin af yfirstéttinni í þeim tilgangi að halda völdum, en fáir hafa dregið dul á það að kristnin var hið sigrandi afl á miðöldum.

Abstract

STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR

XXXXXXX

xxxxxxxxxx

Í greininni er fjallað um kristnitökufeli Íslendinga. Greint er frá helstu viðhorfum við kristnitökurannsóknir á undanförnum áratugum á Norðurlöndum og sagt frá nýjum aðferðum sem beitt hefur verið við þær. Aðferðirnar aðgreinast í því atriði hvort skilgreina eigi kristnitökuna sem pólitíská ákvörðun tekna af þeim sem vald-

ið höfðu í samféluginu (e. *top down*) og rannsaka hana sem slíka eða hvort skoða beri þann þátt ferilsins þar sem hin einstaklingsbundna kristnitaka gegndi veigamiklu hlutverki í því að kristin trú breiddist út meðal almennings (e. *bottom up*) og var lögtekin á Íslandi. Í greininni er stuðst við síðarnefndu aðferðina og kristnitakan þannig skoðuð út frá grásrótinni og þátt almennings í henni. Stuðst er við uppgrefti á tveimur ólíkum gerðum kirkna sem finna má frá lokum 10. aldar og upphafs þeirrar 11. í fornleifum hérlandis, þ.e. áður en skipulagning kirkjunnar sem stofnunar hefst. Kirkjugerðirnar tvær eru tengdar við þau landsvæði sem landnemar á Íslandi höfðu viðkomu á með búsetu eða á ferðalögum og tekið mið af því að hvorki menning né trú eru staðbundnar, óbreytanlegar einingar, heldur gert ráð fyrir stöðugri endursköpun þeirra vegna framandi áhrifa. Auk þess var gengið út frá því að kristnitókuferlið hafi þegar verið hafið meðal þeirra þjóðfélagshópa sem síðar byggðu landið. Þau svæði sem talið er að landnemarnir hafi einkum komið frá eru nyrðri hlutar Bretlandseyja og Skandinavía. Á tínum landnáms á Íslandi var á Bretlandseyjum áberandi sú grein kristninnar sem nefnd er írsk-skosk kristni en í Skandinavíu varð trúboð engil-skandinavískrar kristni áberandi, þó þessar tvær greinar kristni hafi aðlagast hvor annarri eftir því sem leið að lokum víkingaaldar. Niðurstaðan er sú að hinar ólíku gerðir kirkjubygginga á fyrstu öld kristni hérlandis endurspeglí tvennis konar menningarlegar og félagslegar áherslur sem bárust hingað til lands, bæði vegna tilviljanakenndrar útbreiðslu kristni og skipulegs trúboðs.